

Orkustofnun  
Kristján Geirsson  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Reykjavík, 26. febrúar 2024  
UST202402-039/R.K.  
10.05.00

### **Efni: Ósk um umsögn - rannsóknarleyfi fyrir köldu vatni í landi Kaldárhöfða**

Vísað er til erindis Orkustofnunar er barst 5. febrúar sl. um ósk um umsögn vegna rannsóknarleyfis fyrir köldu vatni í landi Kaldárhöfða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Áætlað er að bora 5 rannsóknarholur og er markmiðið að leggja mat á grunnvatnsstrauma með það að markmiði að bæta aðgengi að köldu neysluvatni á Suðurlandi.

Umhverfisstofnun bendir á að ofangreint svæði er innan verndarsvæðis Þingvallavatns, sbr. fylgiskjal með lögum nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasvið þess. Í 3. gr. laganna segir: „Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn. Í sama ákvæði segir jafnframt að ráherra setur að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitastjórnir nánari reglur um framkvæmd vatnsverndunarinnar þ.m.t jaðrask, byggingu mannvirkja, borun eftir vatni, töku jarðefna og vinnslu auðlinda úr jörðu svo eitthvað sé nefnt. Fyrirhugað rannsóknarsvæði og boranir eru innan verndarsvæði vatnasviðs Þingvallavatns.

Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri.

- Í rannsóknaráætlun er fyrirhuguð borun á rannsóknarholum. Skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir tl. 55 í viðauka IV er jarðborun starfsleyfisskyld hjá viðkomandi heilbrigðisnefnd. Jafnframt mun framkvæmdin þurfa framkvæmdaleyfi frá viðkomandi sveitarfélagi.
- Umhverfisstofnun vill benda á að tímaáætlun í fylgigögnum með umsóknin um rannsóknarleyfi er ekki rétt m.t.t. ártala.
- Fyrirhugað rannsóknarsvæði er á nútímahrauni sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í framkvæmdaleyfi skv. skipulaglögunum nr. 123/2010 þarf að koma skýrt fram hvaða brýna nauðsyn liggur að baki veitingu framkvæmdaleyfisins.

### **Lög um stjórn vatnamála**

Fyrsta [vatnaáætlun Íslands](#) var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögumum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Í 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir: „Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.“

Samkvæmt þeirri afmörkun rannsóknarsvæðis sem fram kemur í greinargerð með umsókninni eru nokkur vatnshlot innan áhrifasvæðis rannsóknanna, s.s. stöðuvatnshlotið Þingvallavatn nr. 104-2232-L, straumvatnshlotin Sog 4 nr. 104-974-R og Kaldá nr. 104-705-R og grunnvatnshlotið Lyngdalsheiði nr. 104-305-G.

Umhverfismarkmið grunnvatnshlota er að vera í góðu efnafræðilegu ástandi og með góða magnstöðu. Fyrir Þingvallavatn og Sog 4 skal vistfræðilegt ástand skal vera gott en mjög gott í Kaldá. Ástand Kaldár er handflokkað út frá líkindum en þörf er á gögnum til að staðfesta ástandsflökkunina. Önnur vatnshlot innan rannsóknarsvæðisins hafa ekki verið ástandsflökkuð. Umhverfismarkmið eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega (sjá vatnaáætlun og [vatnavefsja vatnamála](#)). Vistfræðilegt ástand yfirborðsvatnshlota byggir á líffræðilegum, eðlisefnafræðilegum og vatnsformfræðilegum gæðapáttum (sjá vatnaáætlun). Gera þarf mat á því hvort framkvæmdin sé líkleg til þess að valda því að vatnshlot innan áhrifasvæðisins nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir þau.

Virðingarfyllt

Ríkey Kjartansdóttir,  
**sérfræðingur**

Halla Einarsdóttir,  
**teymisstjóri**